

**Aðalfundur Skalla**  
haldinn 29. september 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Skalla krefst þess að þau þúsund tonn sem tekin voru úr línuívilnunarpottinum verði skilað og ívilnun hækkuð í 30% á landbeitta línu hjá dagróðrabátum undir 30 t. Þá njóti dagróðrabátar er róa með beitningartrekt 20% ívilnunar. Dagróðrabátar með beitningarvél innan 30 t. njóti 10% ívilnunar.
2. Aðalfundur Skalla leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæði **B** og **E** verði 1. mars.
3. Aðalfundur Skalla telur strandveiðikerfið eins og það er útfært í dag sæmilega ásættanlegt, svo fremi sem veiðiheimildir verði áfram tryggðar í 12 daga pr. mánuð í fjóra mánuði.